

Bolungarvíkurkaupstaður  
Finnbogi Bjarnason  
Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík

Reykjavík 29. júní 2020  
UST202006-254/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Bolafjall - Bolungarvíkurkaupstaður**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar er barst 22. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir áfangastað á Bolafjalli í Bolungarvíkurkaupstað.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða gerð deiliskipulags þar sem gert er ráð fyrir útsýnispöllum, göngustígum og bílastæðum á Bolafjalli við Bolungarvík.

### **Fuglalíf**

Í greinargerð kemur fram að dýralíf einkennist af sjófugli og telur því stofnunin mikilvægt að fjallað sé um hver áhrif tillögunnar verða á dýralífið á skipulagssvæðinu og hvort þurfi að setja umgengnisreglur til að forðast röskun á búsvæðum fuglanna.

### **Ásýnd og rask**


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að pallarnir falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segir að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu, þar sem að einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur